

## Fundur skólaráðs Rimaskóla

12. október 2022

Mætt: Vilborg Anna kennari, Helga kennari, Aneta almennur starfsmaður, Dagný Edda í forföllum Erlu Báru, Ásgerður (kom á Teams) og Þórunna skólastjóri.

Fulltrúar nemenda komu ekki.

### 1. Starfsáætlun skólaráðs og fundartímar

Rætt var um starfsáætlunina og uppsetningu funda. Farið var yfir að finna þurfi fulltrúa grenndarsamfélagsins. Upp kom hugmynd að fá Baldvin Berndsen sem fulltrúa grenndarsamfélagsins og var það samþykkt með atkvæðum allra viðstaddra og var Þórunna fengin til að kanna hvort hann væri ekki til í leikinn. Settar voru niður dagsetningar fyrir skólaráðið og verður starfsáætlunin send til nefndarmanna og birt á heimasíðu skólans. Ákveðið var að hafa sameiginlegan opinn fund skólaráðs, nemendafélags og foreldrafélags 25. janúar kl. 17:00.

### 2. Starfsáætlun Rimaskóla

Starfsáætlun Rimaskóla fyrir árið 2022-2023 var lögð til samþykktar. Farið var yfir helstu atriðin og benti Dagný á að mikilvægt væri að senda til foreldra helstu atriðin s.s. styrkjamál og annað í knappari texta fyrir þá sem ekki lesa áætlunina spjaldanna á milli. Mikilvægt er að senda starfsáætlunina til foreldra þegar SFS hefur samþykkt hana.

### 3. Önnur mál

- Rætt var um fyrirhugaða 30 ára afmælishátíð Rimaskóla sem haldin verður í vor. Fundarmenn köstuðu á milli sín hugmyndum en mikilvægt er að fara að huga að afmælisnefnd fyrir viðburðinn.
- Í ljósi þess að skólinn er orðinn 30 ára þá er margt sem þarf að fara að endurnýja. Rætt var um aðbúnað og hversu margt í umhverfi skólans er orðið þreytt og farið að láta á sjá. Okkur vantar sárlega nýjar gardínur, nemendasófa og fallegan aðbúnað fyrir unglingadeildina. Okkur vantar nemendaskápa en þeir voru ónýtir. Það vantar öryggismyndavélar en það er búið að reyna að fá þær í gegn í fjölmörg ár. Rætt var um hvort foreldrafélagið gæti sett ákveðinn þunga með okkur í endurnýjun innanstokksmuna.
- Fulltrúar foreldra hafa fengið athugasemdir með að mikið af fríum koma saman í október, en þar má nefna starfsdag, foreldrasamtöl og svo vetrarfrí. Þetta sé erfitt fyrir heimilin. Hafa þetta í huga þegar verið er að vinna í skóladagatali.

Fleira ekki tekið fyrir

Þórunna Rósa Ólafsdóttir ritaði fundargerð